

## Kristjana Benediksdóttir

To: Hrafn Magnússon  
Cc: Arnar Sigurmundsson; Tómas N. Möller; Stefán Auðólfsson  
Subject: RE: þingmál til umsagnar

Alþingi  
Erindi nr. Þ 138/2832  
komudagur 11.6.2010

Landssamtök lífeyrissjóða furða sig á því, hversu skammur tími er gefinn af hálfu félags og tryggingamálanefndar til að skila inn umsögnum um jafn viðamikil frumvörp og hér um ræðir. Af þeirri ástæðu eru engin tók á því að koma fram með formlega umsögn af hálfu samtakanna. Hins vegar eru settar fram ábendingar um tiltekin atriði. Það er þó alls ekki tæmandi upptalning af hálfu samtakanna.

Fulltrúar frá Landssamtökum lífeyrissjóða eru samt sem áður reiðubúnir að mæta á fundi nefnarinnar eftir því sem tók eru á og þegar þeir hafa kynnt sér nánar efni frumvarpanna. Rétt þykir að vísa til fyrra umsagna LL varðandi þau þingmál, sem nú eru til afgreiðslu í nefndinni.

### **Drög að frumvarpi um tímabundið úrræði einstaklinga er eiga tvær fasteignir til heimilisnota.**

LL telja að orð megi með skýrari hætti 2. tölulið 3. mgr. 4.gr. að kröfur sem eru umfram 100% veðsetningu færast yfir á þá eign sem skukldari heldu. Þá hafa LL áður bent á að það geti orkað tvímælis í sumum tilvikum að láta skuldara það eftir að velja hvora eignina hann haldi efir. Vera kann að eðlilegt sé að ætla umsjónarmanni ákveðið svigrúm til að leggja mat á forsendur þess vals til að koma í veg fyrir að gengið sé með óeðlilegum hætti á hagsmuni kröfuhafa.

### **Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 50/2009, um tímabundna greiðsluáðlögum fasteignaveðkrafna.**

LL gerir athugasemdir við a-lið 5. gr. frumvarpsins þar sem kemur fram að: „*Fastar mánaðargreiðslur mega þó ekki nema lægri fjárhæð en þeirri sem ætla má samkvæmt mati umsjónarmannsins að svari til þeirrar húsaleigu sem skuldara er kleift að greiða og hæfileg getur talist með tilliti til aðstæðna hans.*“ Í þessu sambandi er eðlilegt að miða við hæfilega húsaleigu á almennum markaði líkt og kveðið er á um í 1. mgr. 5. gr. gildandi laga nr. 50/2009. Að öðrum kosti er í raun verið að blanda saman félagslegum úrræðum og úrræðum vegna greiðsluferfðleika með óeðlilegum hætti. Sú staða getur því komið upp að skuldari geti búið í fimm ár í fasteign gegn endurgjaldi sem endurspeglar á engan hátt raunkostnað við að búa í viðkomandi eign. Slíkt getur vart talist eðlilegt og felur í raun í sér óeðlilega aðstöðu og eftir atvikum mismunun gagnvart öðrum viðskiptavinum kröfuhafa sem greiða endurgjald fyrir fjármögnun þeirra eigna sem þeir hafa tekið lán fyrir. Í tilviki lífeyrissjóða þá eru sjóðfélagar sem eiga réttindi hjá lífeyrissjóði sem veitt hefur slíkt lán sem hér um ræðir í raun að greiða niður íbúðakostnað viðkomandi skuldara.

### **Frumvarp til laga um umboðsmann skuldara.**

LL telja fljótt á litið heimildir umboðsmann skuldara til öflunar upplýsinga skv. 3. gr. of víðtækar.. Þó eðlilegt sé að ætla umboðsmanni skuldara allvíðtækar heimildir í þessum efnun verður að telja þær heimildir sem 3. gr. gerir ráð fyrir of opnar og um of háðar huglægu mati. Til að mynda má benda á að þær varða ekki eingöngu upplýsingar um meðferð einstakra mála heldur virðist mögulega mega túlka heimildina þannig að hún nái til starfsemi lánveitanda almennt sem og eftir atvikum samtaka sem viðkomandi lánveitandi kann að eiga aðild að.

### **Frumvarp til laga um greiðsluáðlögum einstaklinga**

Til að ætla kröfuhafa eðlilegt svigrúm til að gæta hagsmuna sinna er eðlilegt að bæta við 3. málslíð, 3. mgr., 13. gr.: „þó ekki skemur en fimm virkum dögum“.

Málgreinin verð því svohljóðandi: „*Skulu veðhafar hafa frest í þessu skyni svo lengi sem boð er skuldbindandi fyrir tilboðsgjafa, þó ekki skemur en fimm virkum dögum*“.

Með þessu er komið í veg fyrir að hægt sé að setja fram tilboð með óeðlilega stuttum fresti sem kynni að gera kröfuhafa illmögulegt að gæta eðlilegra hagsmuna sinna.